

Um kvenlega barnavernd (grein í Dagblaðinu-Vísi 9. okt. 1996)

Lög um vernd barna og ungmenna kveða á um setu fimm aðalmanna og jafnmargra varamanna í barnaverndarnefndum og í anda jafnréttis er skýrt kveðið á um, að í nefndum þessum skuli að jafnaði sitja bæði konur og karlar. Á því virðist engu að síður nokkur misbrestur. Í júlí á þessu ári er Barnaverndarstofu (Félagsmálaráðuneyti) kunnugt um skipan nefndarmanna í 81 nefnd, er fer með barnaverndarmál. Sumar þessara nefnda eru vanskipaðar, hvað fjölda nefndarmanna viðkemur. Tólf fullskipaðar nefndir eru kynhreinar, það er að segja níu nefndir (11.1%) eru skipaðar konum eingöngu, en þrjár (3.7%) körlum. Langflestum nefndum er það sammerkt, að konur eru í töluverðum meirihluta. Þetta á oftast við um vanskipaðar nefndir en hinar. Í síðasta tiltæka yfirliti er skráður 351 nefndarmaður. Ójafnvægi karla og kvenna er verulegt. Konur eru þar í yfirgnæfandi meirihluta eða 253 (72.1%), en karlmenn 96 (27.9%). Þegar litið er til formanna ráða og nefnda um barnaverndarmálefni, eru hlutföll sviðuð. Af 81 formanni eru 55 (67.9%) konur, en karlar 26 (32.1%). Þetta er verulegt umhugsunarefni. Hafi það á annað borð við rök að styðjast, að það geti skipt sköðum í stjórn þjóðmála, að raddir beggja kynja heyrast, á það ekki síst við um barnaverndarmál. Davíð Þór Björgvinsson, prófessor í barnarétti við Háskóla Íslands, hefur bent á móðurhyggjuna í túlkun lögmanna á barnalögum. Ríkjandi misvægi kynjanna við skipan í barnaverndarnefndir mætti á sama hátt kalla kvenhyggjuna.

Í framhaldi af þessum vangaveltum liggur beinast við að skoða skiptingu kynjanna hjá starfsmönnum fjölskyldudeilda félagsmálastofnana, þar sem þeim er til að dreifa. Þess ber að geta, að fagmenntaða starfsmenn er óvíða að finna á landsbyggðinni. Til að mynda voru, samkvæmt skýrslu vinnuhóps félagsmálaráðherra nr. 4, útgefinni í júní 1994, einungis 26.4 stöðugildi sálfræðinga utan Reykjavíkurborgar, og 21.5 stöðugildi félagsráðgjafa (félagsmálastjórar, sem sumir hverjir eru félagsráðgjafar, eru ekki meðtaldir). Nýlega bendi virtur skólamaður á, að sálfræðinga vantaði á svæðinu frá Akureyri austur um og alla leið til Selfoss. Þetta er uggvænlegt ástand, hafi sveitarstjórnir á annað borð metnað til að veita fjölskyldum (og börnum) nútíma þjónustu. Það gefur því að skilja, að faglegru þjónustu er nær eingöngu til að dreifa á suðvestur horni landsins og á Eyjafjarðarsvæðinu. Þjónustan er að miklu leyti veitt af konum. Fjölskyldudeild Félagsmálastofnunar Akureyrar er eingöngu mönnuð konum. Samkvæmt upplýsingum Félagsmálastofnunar Reykjavíkur hefur hlutfall kvenna smám saman lækkað úr 98 af hundraði niður undir 90 af hundraði. Í hverfedeildum fjölskyldudeildar eru 12 stöðugildi, þar af eru 11 (91.7%) skipuð konum, en 1 (8.3%) karli. Hluttur karla vænkast heldur sé litið til félagsmálastjóra. Af 28 félagsmálastjórum í landinu eru konur 15 (53.6%), en karlar 13 (46.4%). Samkvæmt framsögðu mætti álykta, að félags- og fjölskyldumál séu eftirsóttur vettvangur íslenskra kvenna á framabrot.

Óhjákvæmilega hlýtur sú spurning að vakna, hvaða áhrif þetta misvægi kynjanna hafi á verklag og efnistöð í barnaverndarmálum.